



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. desember var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson aðalbókari sveitarfélagsins sat fundinn undir 7. lið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins janúar-október 2021 og fjárfestingayfirlit janúar-nóvember 2021

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-október 2021 og fjárfestingayfirlit fyrir tímabilið janúar-nóvember 2021 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar og umræðu.

2. Gjaldskrár 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2022 sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskránnu og forsendur og samþykkti síðan með áorðnum breytingum.

3. Ákvörðun um útsvar vegna tekjuársins 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að útsvarshlutfalli sem nemur 14,52% vegna ársins 2022 og er því óbreytt á milli ára. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.



4. Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2022

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda vegna 2022:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmarki 10.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 45.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **57.200** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **18.000** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **6.400** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **9.000** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **50.000,-** hjá:

- | | |
|--|------------------|
| • Einstaklingum með tekjur allt að | 3.736.000 kr/ári |
| • Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að | 6.106.706 kr/ári |

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **30.000,-** hjá:

- | | |
|--|------------------|
| • Einstaklingum með tekjur allt að | 4.670.807 kr/ári |
| • Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að | 7.633.382 kr/ári |

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu.



5. Ákvörðun um frístundastyrki 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrkja vegna 2022. Sveitarstjórn samþykkti að upphæð verði óbreytt milli ára og nemur 25.000 kr. á barn.

6. Ákvörðun um námsstyrki til nemenda 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um námsstyrki til framhaldsskólanema. Námsstyrkur fyrir 30 eininga nám mun nema 30.000 kr. fyrir heilt námsár eða 15.000 kr. á önn. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu.

7. Fjárhagsáætlun 2022-2025 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2022-2025 til seinni umræðu. Sveitarstjóri og fulltrúi hans gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun fyrir 2022-2025 var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum með fimm greiddum atkvæðum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2022 kemur fram að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 725 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs 520 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 205 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 770 m.kr. og þar af er áætlun launa 373 m.kr. Afskriftir eru 47 m.kr. og fjármagnsgjöld 10 m.kr. Rekstrarniðurstaða sýnir halla upp á 54 m.kr. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 12 m.kr. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar 2022 eru áætlaðar 265 m.kr. Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun 2022 eru 77 m.kr. vegna fráveituframkvæmda og 62 m.kr. í hafnarframkvæmdir vegna endurbyggingar Ásgarðs. Gert er ráð fyrir lántöku 2022 að upphæð 124 m.kr. vegna fráveitu- og hafnarframkvæmda. Í áætlun árunna 2023-2025 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

8. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2021. Um er að ræða tilfærslu milli fjárfestingaliða Þjónustumiðstöðvar og Hafnarsjóðs.



Annars vegar er gert ráð fyrir breytingum vegna kaupa á dráttarvél fyrir Þjónustumiðstöð upp 9 m.kr. og hins vegar lækkun á móti um sömu upphæð hjá Hafnarsjóði, þar sem ekki er þörf fyrir endurnýjun löndunarkrana á árinu.

Viðauki vegna fjárfestinga er því nettó kr. 0,- Sveitarstjórn ræddi tillögu að viðauka og samþykkti samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

9. Fráveita – fyrsti áfangi

Verkfræðistofan Stoð hefur lokið hönnun og gerð útboðsgagna vegna 1. áfanga í fráveituframkvæmdum á Skagaströnd. Áætlað er að byrja á leiðinni frá Hólanesi að Einbúastíg. Í verkinu felst að vinna við sniðræsi fráveitu frá fyrirhuguðum baðlaugum á Hólanesi til norðurs meðfram Hólanesvegi og Strandgötu allt að Einbúastíg. Áætlað er að bjóða verkið út fyrir lok árs 2021. Framkvæmdir skulu hefjast ekki síðar en 1. mars 2022 og skal áfanganum lokið að fullu 1. nóvember 2022. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar tillögur og kostnaðaráætlun og felur sveitarstjóra að ráðast í gerð útboðs í samræmi við þær. Var sveitarstjóra falið að auglýsa útboðið í samræmi við framlögð gögn.

10. Samningur við Rarik

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Rarik vegna afhendingar á heitu vatni í baðlaugar. Í samræmi við samninginn sem gerður var milli Skagastrandar og RARIK í desember 2011 þá er í nýju samkomulagi milli sveitarfélagsins og RARIK áréttað að sveitarfélaginu verði tryggt vatn fyrir baðlaugar, en vegna ástands vatnsöflunar fyrir veituna þá er er mælt um takmarkanir á afhendingu á heitu vatni til baðlauga á meðan verið er að leita að meira vatni. Sveitarstjórn fagnar því að RARIK tryggi afhendingaröryggi á vatni til sjóbaða og telur ljóst að miðað við gefnar forsendur muni umræddar takmarkanir ekki hafa áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu og rekstur. Samningurinn var samþykktur samhljóða af sveitarstjórn og var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.



11. Bréf

a. Stjórnarformaður Norðurár dags. 15. nóvember 2021

Málið var áður til umræðu á fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember sl. Í tengslum við gerð nýrrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs óskar Norðurá samþykkis til að koma fram fyrir hönd aðildarsveitarfélaga þannig að Norðurá taki að sér að greiða þann kostnað sem af verkinu hlýst og muni ekki endurkrefja aðildarsveitarfélögin um hann og sömuleiðis að stjórn Norðurár skipi í starfshóp við verkefnið fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir það fyrir sitt leyti.

b. Hestamannafélagið Snarfari dags. 21 október 2021

Með erindinu er óskað eftir styrk að upphæð 1,0 m.kr. vegna viðhalds- og reksturs eigna hestamannafélagsins. Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnaði innsendri beiðni.

c. Hestamannafélagið Snarfari dags. 25. nóvember 2021

Með erindinu sækir hestamannafélagið um dúntekju í hrossaflóanum árið 2022. Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum í tengslum við dúntekju í flóanum.

d. Fiskistofa dags. 26. nóvember 2021

Með erindinu tilkynnir Fiskistofa að í sumar hafi verið innheimt sérstakt gjald af strandveiðibátum sem greiða skuli hverri höfn í hlutfalli viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn var við strandveiðar tímabilið 01.05.2021-31.08.2021. Í hlut Skagastrandar kemur 1.714.703 kr. Var erindið lagt fram til kynningar.

e. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. desember 2021

Með erindinu er farið yfir endurskoðaða þjóðhagsspá, en við vinnslu fjárhagsáætlunar skal stuðst við niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Erindið var lagt fram til kynningar.



12. Fundargerðir

a. Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál dags. 16. júní 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál dags. 8. desember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Félags- og skólapijónustu A-Hún dags. 7. desember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 2. desember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar SSNV dags. 7. desember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g. Samgöngu- og innviðanefndar dags. 31. ágúst 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

h. Samgöngu- og innviðanefndar dags. 18. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

13. Önnur mál

Oddviti lagði til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000 kr. sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald. Framlögð tillaga var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn vill þakka öllu starfsfólki sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar þeim og öllum íbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:12


Halldór G. Olafsson


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Róbert Kristjánsson


Guðmundur Egill Erlendsson


Kristín B. Leifsdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir

